



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

59. tölublað 6. árgangur október 2017 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Nýr matseðill

Alltaf gott að
borða í skólanum!

[Matseðill hér.](#)

Lykilspurningar

Hvað vilt þú?

Hvernig get
ég hjálpað
þér?



Hvaða val hefur þú?

Hverju vilt
þú breyta?



Hvernig viltu að þér
líði?



Að hverju
stefnir þú?

Hvað vilt þú að gerist
næst?

Hvað er
mikilvægt
fyrir þig?



Ef þú gæti breytt ein-
hverju, hverju myndir
þú þá breyta?



Kæra skólasamfélag!

Lífið í skólanum gengur bærilega nú þegar september er á enda. Nýir nemendur aðlagast vel og starfið fullt af fjölbreytileika og ýmsum leiðum í átt að markmiðum. Í skólanum eru 37 nemendur á leik- og grunnskólastigi og elstu nemendur skólans eru í 5. bekk eða 10 ára og þeir yngstu að fylla fyrsta árið sitt. Von er á fleiri nemendum á leikskólastig og er nær dregur jólum verða um 40 nemendur í skólanum. Framundan eru foreldraviðtöl í fyrstu viku október og munu foreldrar fá póst með tímasetningu.

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Útivera:

Er mikilvægur þáttur í uppeldisstarfi skólans, þar sem grófhreyfingum og frjálsum leik er gert hátt undir höfði. Útivera er holl öllum heilbrigðum börnum. Íslenskt veðurfar getur verið umhleypingasamt og rysjótt en við því er ekkert að gera. Þess vegna er íslenskum börnum frá blautu barnsbeini hollt að venjast veðráttunni eins og hún er. Sumir foreldrar hafa tilhneigingu til að óska eftir inniveru fyrir börn sín í því skyni að verja þau gegn veikindum. Það er ekkert sem bendir til þess að börn sýkist frekar í útilofti en innandyr. Börn sem dvelja langdvölum innandyr eru oft kulsælli og viðkvæmari en þau börn sem vön eru útiveru. Mikilvægt er að börnin séu klædd í samræmi við veður og einnig að þau hafi næg aukaföt.



Senn kemur snjórinn og kætir okkur öll!

Heimanám í Árskógarskóla

Á haustin fer jafnan fram umræða í samfélaginu um **heimanám** nemenda á grunnskólaaldri.

Í skólanámskrá kafla 5.2 um heimanám segir:

Það er stefna skólans að lágmarka heimanám og reyna eftir fremsta megni að gera nemendum kleift að klára vinnu sína á skólatíma. Miðað er við að lestur sé heimanám alla virka daga. Ef heimanám nemenda á grunnskólaaldri er til staðar á einhverjum tímapunkti umfram lestur og tilfallandi verkefni sem hentar vel skóla, nemanda og námi hans, skal það vera hæfilegt og einstaklingsmiðað eins og kostur er. Það er ákvörðun kennarans hverju sinni hvort heimanám sé eða ekki og hvernig það er sett fram. Ef nemandi hefur af einhverjum sökum ekki sinnt námi sínu á skólatíma getur kennari sett honum fyrir að vinna það upp heima ef aðstæður leyfa.

Hér má lesa góða grein um heimanám.



Svefn barna

Svefn er mikilvægur þáttur í þroskaferli barna og líðan þeirra. Til þess að börnin séu tilbúin til að taka þátt í daglegu starfi er gott að hafa í huga að áætluð svefnþörf eftir aldri á sólarhring er:

0 – 4 mánaða 16 klukkustundir

4 – 6 mánaða 15 klukkustundir

1 árs 14 klukkustundir

2 – 4 ára 11 -13 klukkustundir

5 – 16 ára 9 – 11 klukkustundir



Hagnýtar upplýsingar

Árskógarskóli er opinn alla virka daga frá 8-16.

Aðalnúmer 460-4970, Kötlukot 460-4973,
skólastjóri 460-4971, eldhús 460-4979

Skóladagatal 2017-2018 svo allt sé á hreinu!

Heimasíða skólans: <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>

Við erum á facebook: <https://www.facebook.com/arskogarskoli/>

Netfang: arskogarskoli@dalvikurbyggd.is



námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Viðburðadagatal október 2017

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
2 Foreldraviðtöl á Kötlukoti	3 Foreldraviðtöl á Kötlukoti	4 Foreldraviðtöl á Kötlukoti Viðtalsdagur grunnskólastigs	5 Foreldraviðtöl á Kötlukoti	6 Foreldraviðtöl á Kötlukoti	7 Davíð 10 ára 	8
9	10	11 Dalvíkurferð 2007-2013 árg.  Salvör 9 ára 	12	13	14	15
16 Marinó 8 ára 	17	18 Dótadagur leik- og grunn.  Ólafur Á. 7 ára 	19	20	21	22
23	24	25	26 Garðar 1 árs 	27 Eypór 9 ára 	28	29
30	31	1. nóvember Skipulagsdagur LOKAÐ 	2. nóvember Vetrarfrí LOKAÐ 	3. nóvember Vetrarfrí LOKAÐ		